

# Fréttapistill frá forseta Íslands

7. desember 2020

Kæru landsmenn. Á aðventunni getum við ekki aðeins hlakkað til jóla og áramóta. Þar að auki ættu fréttir af bóluefni gegn veirunni, sem hefur valdið svo miklum miska og usla, að blása okkur bjartsýni í brjóst. Fáar uppfinningar hafa bætt hag mannkyns eins mikið og bólusetningar. Ég hlakka til að þiggja bóluefni þegar þar að kemur.

Vissulega er það svo að ekki geta allir fagnað jólum í friði og gleði. Á sumum heimilum er fjárhagur bágur. Hjálparstofnarnir veita aðstoð eftir bestu getu. Fólki og fyrirtæki leggja þar sitt af mörkum og það ber að þakka. Ég hvet alla, sem á því hafa tök, að styðja góðan málstað í aðdraganda hátíðanna, hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.

Fullveldisdagurinn 1. desember var með öðrum brag en venjulega vegna hinna nauðsynlegu sóttvarna sem nú eru í gildi. Í stað þess að sækja hátíðarviðburði og taka á móti góðum gestum á Bessastöðum flutti ég ávarp í Ríkissjónvarpinu. Í niðurlagi máls míns komst ég svo að orði, eftir að hafa minnst á farsóttina miklu 1918, frostavetur og Kötlugos:

„Rúmri öld síðar getum við leyft okkur að vera hughraust og kappsfull. Þolinmæði þrautir vinnur allar. Þennan vísdom höfum við átt í þessu landi í yfir þúsund ár og hefur þó gengið á ýmsu. Varnir okkar gegn farsóttinni virðast virka, bóluefni er í auglýsingu. Sú lausn er magnaður vitnisburður um mátt alþjóðasamstarfs, magnaður vitnisburður um vægi vísinda og þekkingar á framabrot mannkyns þegar vel er á málum haldið.

Ég vona því innilega að næstu vikur höldum við áfram á réttri leið, hugum að okkar eigin sóttvörnum, fylgjum tilmælum og höldum þetta út saman. Senn getum við svo nýtt okkar einingarafi til að snúa vörn í sókn. Þá verður aftur kraftur í mannlífinu öllu. Þá komumst við heldur betur á skrið.“

Kvennalandsliðið í knattspyrnu hélt fullveldisdaginn í heiðri með því að leggja sterkt lið Ungverja að velli og tryggja sér um leið sæti í úrslitum Evrópumótsins sem fram fer á Englandi sumarið 2022. Ég óska stelpunum okkar og þjóðinni allra hjartanlega til hamingju með þennan glæsilega árangur og hlakka til að fylgjast með frekari afrekum liðsins.

Á fimmtudaginn var hlotnaðist mér sá heiður að flytja ávarp á viðurkenningarhátíð Öryrkjabandalags Íslands, á alþjóðlegum baráttudegi fatlaðs fólks. Þar flutti ég einnig ávarp, meðal annars um mátt gríns í samfélagsumræðu og hvernig því megi beita. Síðan tók ég þátt í afhendingu verðlauna Öryrkjabandalagsins. Sunna Dögg Ágústsdóttir hlaut Hvatningarverðlaun ÖBÍ í flokki einstaklinga fyrir að vera ötull talsmaður ungs fólks með þroskahömlun. Íþróttafélagið Ösp varð fyrir valinu í flokki fyrirtækja/stofnana, fyrir að standa að íþróttæfingum og mótum fyrir börn með fötlun frá árinu 1980. Hægt er að horfa á ávarp mitt og athöfnina alla með því að fylgja þessari slóð:

[https://www.facebook.com/watch/live/?v=1149122148852033&ref=watch\\_permalink](https://www.facebook.com/watch/live/?v=1149122148852033&ref=watch_permalink)

Síðastliðiðinn fimmtudag var Eliza gestur Viktoríu Hermannsdóttur í þættinum Segðu mér á Rás eitt og ræddi þar meðal annars um bók sem hún er með í smíðum um kynjajafnrétti á Íslandi. Hægt er að hlusta á viðtalið hér:

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/segdu-mer/24558/7hqbd6>. Á föstudagskvöld kom Eliza einnig fram í ágætum söfnunarþætti fyrir SÁÁ í Ríkissjónvarpinu. Þar er nú annað málefni sem gott er að styðja, eigi fólk þess kost.

Þennan föstudag ræddi ég einnig við fulltrúa Oxford Political Review um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu, baráttu okkar við farsóttina og ýmislegt annað sem bar á góma. Hægt er að horfa á viðtalið hér: <https://www.forseti.is/.../2020-12-04-vi%C3%B0tal-vi%C3.../>

Í gær fögnuðu Finnar þjóðhátíðardegi sínum og sendi ég Sauli Niinistö heillaóskatíst til finnsku þjóðarinnar af því tilefni. Sauli var svo vænn að senda kærar þakkir til baka. Ég á góðar minningar frá opinberri heimsókn okkar Elizu til Finnlands árið 2017. Ari Eldjárn var þá í föruneysi okkar og kunnu gestgjafar vel að meta þá nýbreytni að uppistandari skemmti fólki í veislu okkar þeim til heiðurs. Þetta rifja ég líka upp núna vegna þess að ég leyfi mér að mæla með skemmtiþætti Ara sem er nýkominn á Netflix og hefur hlotið góðar viðtökur nær og fjær. Í síðustu viku gátum við fagnað velgengni og frekari viðurkenningum sem Hildur Guðnadóttir og Sinfóníuhljómsveit Íslands fengu. Gott er að geta bætt grínista við núna.

Í nýliðinni viku barst okkur Eliza góð gjöf frá Amnesty International, sokkapör sem seld eru til stuðnings hinu góða starfi samtakanna. Anita Hirlekar hannaði rauðu sokkana og Aldís Rún þá gráu.

Heyrist hljóð ef tré fellur í skóginum og enginn er nærri að hlusta? Fer maður út að skokka ef maður setur ekki mynd af því á miðla öðru hvoru? Ég læt hér fylgja sjálfu af morgunhlaupi sunnudagsins. Í þessu samfélagi þurfum við að leggja enn meiri áherslu á lýðheilsu en áður, allt frá fyrstu æviárum til ævikvölds. Ekki er nóg með að heilsa og vellíðan fólks aukist þannig heldur gæti það sparað milljarða á milljarða ofan í heilbrigðiskerfinu. Vissulega finnst mörgum slæmt að komast ekki í sund eða líkamsrækt þessa dagana en þá er best að nota aðrar leiðir til hreyfingar og hressingar.

Ég ítreka góðar óskir til ykkar allra í aðdraganda jóla.